

# Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 1. apríl 2022

Mál nr. S-139/2021:

## Ákærvaldið

(Kristín Una Pétursdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

**Steinþóri Bragasyni**

(Björn Jóhannesson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta sem dómtekið var miðvikudaginn 9. febrúar 2022, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Vestfjörðum 5. nóvember 2021 á hendur Steinþóri Bragasyni, [kt. og heimilisfang] „fyrir skjalafals, með því að hafa þriðjudaginn 4. júní 2019, lagt fram afrit ráðningarsamnings milli A, [kt.] og [B] ehf., [kt.], sem dómskjal nr. 14 fyrir héraðsdómi Vestfjarða í máli nr. [...], þar sem undirritun A var fölsuð og þannig notað skjalið til þess að blekkja með því í lögskiptum.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.“

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst sýknu og að allur sakarkostnaður málsins verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun og útlagður kostnaður verjanda ákærða, allt eftir mati dómsins með hliðsjón af framlagðri tímaskýrslu og reikningi vegna útlagðs kostnaðar verjanda ákærða.

## Málavextir

Málavextir eru þeir að vitnið A var starfsmaður B ehf. á árinu 2016, en lét að störfum í janúar 2017, en ágreiningur er um hvenær hann nákvæmlega hóf störf. Eftir að A lét af störfum taldi hann sig hafa verið vanhaldinn í launum og stefndi B ehf. til greiðslu vangoldinna launa. Hefur það mál málsnúmerið [...] við Héraðsdóm Vestfjarða og var þingfest [...] 2019. Þann [...] 2019 lagði stefndi fram greinargerð sína og var þar meðal gagna skriflegur ráðningarsamningur milli málsaðila. Af hálfu B ehf. ritaði ákærði undir

samninginn og var hann vottaður af vitninu C. Þá var og að því er virtist undirritun vitnisins A.

Vitnið A mætti til lögreglu og gaf skýrslu [...] 2019, þar sem hann hélt því fram að undirskrift hans á umræddan samning væri fölsuð og taldi hann það greinilegt að samningurinn væri ekki undirritaður með hans rithönd, auk þess sem hann fullyrti að hann hefði aldrei skrifað undir samning vegna starfa sinna hjá B. Einnig taldi hann að ýmis ákvæði samningsins stæðust ekki kjarasamninga og að hann myndi aldrei hafa skrifað undir samning með þessu efni. Óskaði hann eftir rannsókn lögreglu vegna þessa og lagði jafnframt fram kæru á hendur ákærða fyrir skalafals. Óumdeilt er í málinu að ákærði sér um rekstur B ehf. og kom m.a. fram fyrir hönd fyrirtækisins er vitnið A var ráðinn til vinnu.

Skýrsla var tekin af ákærða vegna málsins [...] 2019. Kvaðst hann í þeirri skýrslu hafa gert umræddan samning og kvað hann hafa verið undirritaðan [...] 2016 í verslun B ehf.. Hann kannaðist við undirritun sína á samninginn, sem og undirritun föður síns, vitnisins C. Hann kvaðst hafa verið viðstaddur undirritunina ásamt vitninu A. Aðrir hafi ekki verið þar. Undirritun vitnisins C hafi farið fram síðar. Ákærði kvaðst telja að um undirritun A sjálfs væri að ræða og taldi ekkert annað koma til greina.

Lögregla á Vestfjörðum óskaði tæknirannsóknar á undirskrift á umræddum samningi [...] 2019. Var beiðninni beint til sænskrar rannsóknarstofu á vegum lögregluþyrvalda þar í landi Lá niðurstaða þeirrar rannsóknar fyrir 2. mars 2021 og bentu þær til þess að undirskrift á ráðningarsamninginn væri ekki gerð af vitninu A. Nánari grein verður gerð fyrir rannsókninni hér síðar.

Þann 15. apríl 2021 var tekin skýrsla af ákærða að nýju í tilefni af niðurstöðu framangreindrar rannsóknar. Varð sú breyting á framburði hans frá fyrri skýrslu að hann kvað vitnið D hafa verið viðstadda er vitnið A ritaði undir samninginn.

Við rannsókn málsins var auk framangreindra teknar skýrslur af síðastnefndri D og C sem ritaði á samninginn sem vottur.

### **Sönnunarfærsla fyrir dómi**

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvað ákærði að vitnið A hafi ritað undir ráðningarsamning í viðurvist hans og vitnisins D. Hafi þetta átt sér stað [...] 2017, þó samningurinn sé dagsettur 4. sama mánaðar. Lagði hann fram vinnuseðla sína til að sýna fram á að svo hefði verið. Hafi hann ætlað að fá A til að undirrita samninginn 4. [...], en

hafi sjálfur reynst upptekinn og það hafi ekki verið fyrir en þann 12. sem þeir hafi náð saman. Kvað hann undirritunina hafa átt sér stað með þeim hætti að þeir hafi rætt einslega efni samningsins en síðan farið fram í verslunina þar sem vitnið D hafi verið og ritað þar á samninginn á verslunarborði. Hann hafði ekki skýringu á því hvers vegna D hefði ekki verið látin votta samninginn úr því að hún hafi verið þarna. Ákærði kvaðst svo seinna hafa farið með samninginn til vitnisins C, sem ritað hafi undir hann sem vottur, en þeir tveir hafi verið einir þegar það hafi verið gert. Samningurinn hafi svo verið settur upp í hillu með öðrum samningum. Hann kvaðst telja að vitnið A hafi ekki fengið eintak samningsins afhent. Aðspurður um það hvers vegna hann hefði sagt við fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu að hann og A hafi verið einir er þeir hafi ritað undir samninginn, skýrði hann það svo að þeir hefðu verið einir þegar þeir hafi verið að ræða efni samningsins en hafi síðan farið fram í verslunina þar sem vitnið D hafi verið og ritað þar undir samninginn á borði verslunarinnar.

Vitnið D kvaðst hafa verið að störfum í verslun B ehf. ásamt vitninu A, rétt fyrir lokun verslunarinnar þegar ákærði hafi komið þar inn og sagst vera með samning fyrir A til undirritunar. Taldi vitnið að þetta hefði átt sér stað í lok [...] eða byrjun [...], en hún gæti ekki tímasett atburðinn nánar. Ákærði hafi rétt verið kominn inn úr dyrunum þegar hann hafi veitt því athygli að eitthvað væri ekki rétt á samningnum og hafi strax farið út aftur til að leiðrétta hann, en til þess hafi hann þurft að fara yfir í [húsnæði B] sem sé í öðru húsi. Hann hafi svo komið aftur eftir lokun og kvaðst vitnið enn hafa verið í versluninni og verið þar þegar vitnið A hafi skrifað undir það skjal sem ákærði hafi komið með. Hún hafi ekki séð skjalið eða efni þess en taldi sig vita að um ráðningarsamning hafi verið að ræða þar sem ákærði hafi sagt það er hann kom inn í fyrra skiptið. Vitnið var beðið að skýra hvers vegna hún segði nú að ákærði hefði sagt þetta um leið og hann hafi komið inn þar sem hún hefði í skýrslutöku hjá lögreglu lýst því að hún hafi vitað að um samning var að ræða vegna þess að hún hafi spurt ákærða að því síðar. Hún kvað það vel geta verið rétt að hún hafi einnig spurt ákærða um þetta síðar, en hún kvaðst standa við það að ákærði hefði sagt þetta um leið og hann hafi komið inn. Vitnið benti þó á að langur tími væri nú liðinn frá þessum atburði. Aðspurð um það hvort ákærði og A hafi ræðst við um efni samningsins, eða farið afsíðis meðan á þessu stóð kvað hún þá ekki hafa gert það.

Vitnið C staðfesti að hann hefði skrifað sem vottur undir margnefndan samning er ákærði hafi komið með til hans, en hann hafi ekki lesið hann. Hann kvaðst telja að þeir hafi verið tveir einir þegar þetta átti sér stað.

Vitnið A kvað í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hafi aldrei skrifað undir ráðningarsamning vegna starfa sinna fyrir B ehf. Að hans mati hafi verið í gildi munnlegur samningur og samkvæmt honum hafi hann átt að fá 280.000 krónur í laun á mánuði fyrir dagvinnu. Hann sagði og að efni umrædds samnings væri þannig að hann teldi það ekki samræmast kjarasamningum og því hefði aldrei komið til greina að skrifa undir hann. Nefndi hann aðspurður að til dæmis hafi verið gert ráð fyrir allt of mörgum tímum inniföldum í launafjárhæðinni. Hann kvaðst fyrst hafa séð umræddan samning eftir að hann hafi verið lagður fram í dómsmáli milli aðila. Hann hafi strax séð að undirskrift hans á samninginn hafi ekki verið gerð af honum og að auki hafi hann vitað að hann hefði aldrei skrifað undir neinn ráðningarsamning við B.

Eins og fyrr er lauslega vikið að sendi lögregla umræddan samning til Réttarrannsóknarmiðstöðvar ríkisins (NFC) í Svíþjóð. Niðurstaða rannsóknarinnar liggur fyrir dóminum og er dagsett 2. mars 2021. Vitnið E bar ábyrgð á rannsókninni og bar hún vitni fyrir dóminum og lýsti rannsóknaraðferðum og staðfesti skýrslu sína, auk þess að svara spurningum um efni hennar.

Í skýrslunni kemur fram að rannsóknin sé unnin á grundvelli tveggja tilgáta sem einkenndar séu sem aðal- og aukatilgáta. Í þessu tilviki hafi aðaltilgátan verið sú fullyrðing að A hafi ritað undir samninginn eigin hendi, en aukatilgátan að undirritunin hafi verið gerð af einhverjum öðrum. Við vinnslu álitsins hafði rannsóknarstofan, auk umrædds ráðningarsamnings, allmargar undirritanir A sem hann gerði í þágu rannsóknarinnar, en einnig afrit af sex skjölum sem hann hafði undirritað fyrr og þar með talið, eiginhandarundirskrift á ökuskírteini tvö skjöl sem hafði verið þinglýst með eiginhandaráritun hans og loks þrjú umboð sem hann hafði veitt.

Fram kemur í skýrslunni að markmið hennar sé að rannsaka hvort undirskriftin „[A]“ sé gerð af A eigin hendi eða hvort hún sé gerð af einhverjum öðrum.

Þá kemur fram að véfengda undirskriftin virðist stíðleg og þvinguð og gerð með hálfbleklusum kúlupenna. Flækjustigið sé tiltölulega lítið og nokkrum sinnum sé stoppað og pennanum lyft.

Þess er og getið að samanburðargögn frá A samanstandi af sérstaklega fengnum sýnum og sýnum í frumriti sem ná yfir tímabilið 2004 til 2019. Undirskriftirnar teljist

hiklaust gerðar og virðist einsleitar. Flækjustigið sé tiltölulega hátt. Saman tekin teljist samanburðarsýnin gefa mjög góða mynd af því hvernig hann riti nafn sitt.

Í niðurstöðukafla rannsóknarskýrslunnar greinir að við samanburð á véfengdu undirskriftinni „[A]“ og rithandarsýnum A sjáist viss myndrænn svipur og svipur hvað snerti form „[ einn stafur]“. Að öðru leyti sjáist enginn svipur. Frávik sjáist hvað snerti hlutföll skriftarinnar, strikagæði, stafabil, hvar og hve oft pennanum sé lyft ásamt tengingu stafa og form „[fimm stafir]“.

Við matið á niðurstöðum hafi eftirfarandi tilgátur verið notaðar

Aðaltilgáta: Undirskriftin „[A]“ á ráðningarsamninginn dags. [...] 2016 er gerð af A eigin hendi.

Aukatilgáta: Undirskriftin „[A]“ á ráðningarsamningnum er gerð af einhverjum öðrum einstaklingi.

Þá segir í skýrslunni að ekki megi búast við að sjá svona frávik ef undirskriftin hafi verið gerð af A eigin hendi. Líklegra sé að fá þessa niðurstöðu, fá þýðingarmikil líkindi en mörg þýðingarmikil frávik, hafi einhver annar en A verið að verki. Frávikin séu saman tekin þess eðlis að þau hafi þýðingu sem merki um að einhver annar hafi verið að verki og þá sérstaklega þar sem þau líkindi sem séu til staðar teljist þess eðlis að þau bendi til að reynt hafi verið að eftirmynda með ekta undirskrift sem fyrirmynd.

Niðurstaða: Niðurstöðurnar benda til þess að véfengda undirskriftin „[A]“ sé ekki gerð af A eigin hendi (stig -2). Í yfirliti um þann skala sem álitid styðst við kemur fram að stig -2 feli í sér að talið sé að það sé að minnsta kosti 100 sinnum líklegra að fá þessa niðurstöðu ef aukatilgátan sé rétt, en ef aðaltilgátan sé rétt.

Í skýrslu vitnisins E kom m.a. fram að yfirleitt væri ekki hægt að fá niðurstöðu með sterkari líkindum á grundvelli samanburðar á svo stuttum texta, sem ein nafnritun sé.

Umræddur ráðningarsamningur liggur fyrir í málinu, en einnig greinargerð sú sem lögð var fram í héraðsdómi í málinu nr. [...] af hálfu B ehf. Þykja ekki efni til að rekja þessi skjöl nákvæmlega, en láta nægja að nefna að í ráðningarsamningnum var gert ráð fyrir 280.000 króna launum fyrir hvern starfsmánuð og sé vinna, orlof og dagpeningar meðtaldir. Þá er gert ráð fyrir að starfsmánuður sé 171 til 200 klukkustundir á mánuði. Einnig er í samningnum ákvæði um að ágreining vegna hans skuli leggja fyrir gerðardóm. Í nefndri greinargerð í fyrrnefndu máli byggði B ehf. á því að vísa ætti málinu frá dómi vegna ákvæðis um gerðardóm og einnig var byggt á því að ofangreind

tilgreining vinnutíma væri bindandi fyrir stefnanda. Umræddu einkamáli lauk með dómsátt 16. febrúar sl., sem var eftir dómtöku máls þessa. Fólst í sáttinni greiðsla á tilteknum fjármunum frá B ehf. til A.

### **Niðurstaða dómsins**

Í máli þessu er til úrlausnar hvort ákærði hafi gerst sekur um skjalafals með því að leggja fram fyrir dómi ráðningarsamning með falsaðri nafnritun A. Þarf ákærvaldið því að sanna að umrædd undirritun hafi verið fölsuð og að ákærði hafi vitað um þá fölsun, en engu að síður lagt skjalið fram fyrir dómi og þannig nýtt það í lögskiptum í skilningi 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og nánar er rakið hér fyrir liggur fyrir í málinu sérfræðileg niðurstaða rithandarsérfræðings um að það sé 100 sinnum líklegra að einhver annar en vitnið A hafi ritað nafn hans undir samninginn, en að hann hafi gert það sjálfur. Hafa því verið færð fram sönnunargögn sem renna stoðum undir það að A hafi ekki ritað undir samninginn eigin hendi.

Ákærði hefur alfarið neitað sök í málinu. Framburður hans fyrir dómi hefur tekið breytingum eins og nánar er rakið hér að framan. Lýsti hann því í fyrstu skýrslu fyrir lögreglu að hann og A hefðu verið einir er ritað hafi verið undir samninginn, en breytti svo framburði sínum er niðurstaða fyrrnefndrar rannsóknarstofu lá fyrir og kvað vitnið D einnig hafa verið viðstadda. Skýrði hann misræmið svo að hann hafi verið einn með A þegar þeir hafi rætt um efni samningsins en síðan hafi þeir farið að verslunarborði til að skrifa undir, en þar hafi vitnið D verið.

Vitnið D lýsir atburðarás við þá undirritun sem hún varð vitni að með öðrum hætti. Ákærði hafi komið með pappír inn í búðina, sem hann hafi sagt vera samning og þar hafi hann og A ritað undir blaðið. Hún taldi aðspurð að ákærði og A hafi ekki farið afsíðis til að ræða saman áður en til undirritunar kom. Hún kvaðst ekki hafa séð það blað sem undirritað var og því ekki geta fullyrt að um ráðningarsamning hafi verið að ræða.

Vitnið A hefur verið staðfastur í þeim framburði sínum að hann hafi ekki ritað undir umræddan samning. Sá framburður fær að mati dómsins styrka stoð í niðurstöðu þeirrar sérfræðilegu álitsgerðar sem fyrir liggur og nánar er lýst hér að framan. Vitnið D sá að sögn ekki það skjal sem hún telur A hafa ritað undir og er það mat dómsins að framburður hennar raski ekki sönnunargildi framburður A sem studdur er sérfræðilegri rannsókn. Þá verður og að telja að framburður ákærða sé ekki trúverðugur þegar litið er

til þeirra breytinga sem að framan eru raktar og eins þess að framburður hans um það hvernig undirritun fór fram samræmist ekki framburði vitnisins D. Er það mat dómsins, þegar gögn málsins og framburður vitna er metinn heildstætt, að sannað sé að ákærða hafi verið ljóst að umræddur samningur var ekki undirritaður af A er hann lagði hann fram í dómsmáli vegna launakröfu A gegn B ehf.

Með vísan til ofanritaðs er það mat dómsins, að ákærvaldinu hafi tekist, gegn eindreginni neitun ákærða, að sanna svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi vitandi vits framið það brot sem fram kemur í ákæruskjali og er þar réttilega heimfært til 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur ekki sætt refsingu áður svo vitað sé.

Við ákvörðun refsingar hans nú verður einkum að hafa í huga að sú háttsemi sem hann er sakfelldur fyrir felst í því að leggja fram sönnunargagn í dómsmáli sem hann veit að er falsað og með því hafa hugsanlega áhrif á niðurstöðu þess. Á hinn bóginn er til mildunar horft til þess að ákærði hefur ekki áður verið dæmdur fyrir refsiverða háttsemi. Að framangreindu virtu þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Rétt þykir að fresta fullnustu þeirrar refsingar og skal hún falla niður eftir tvö ár haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að fenginni ofangreindri niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað, sem er annars vegar kostnaður vegna sérfræðilegrar rannsóknar að fjárhæð 234.521 króna og hins vegar málsvarnarlaun verjanda ákærða, Björns Jóhannessonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 725.400 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, auk ferðakostnaðar verjandans að fjárhæð 31.285 krónur. Samtals verður ákærða því gert að greiða sakarkostnað að fjárhæð 991.206 krónur.

Halldór Björnsson dómstjóri kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 184 gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en bæði sækjandi og verjandi lýstu því yfir fyrir dómsuppsögu að þeir teldu ekki ástæðu til að endurflytja málið þó liðinn sé lengri tími en fjórar vikur frá dómtöku.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Steinþór Bragason, sæti fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og fellur hún niður að tveimur árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sakarkostnað að fjárhæð 991.206 krónur og eru þar meðtalin málsvarnarlaun verjanda hans, Björns Jóhannessonar, lögmanns, sem þykja hæfilega

ákveðin 725.400 krónur og er virðisaukaskattur meðtalinn í þeirri fjárhæð og einnig ferðakostnaður verjandans að fjárhæð 31.285 krónur.

Halldór Björnsson

Rétt endurrit staðfestir:  
Héraðsdómi Vestfjarða 1 apríl 2022